

## Ritdómur

*Íslenska Biblían. Ágrip rúmlega fjögurra alda sögu eftir Sigurð Ægisson.  
Sigurður Ægisson (útg.), 2015, 120 bls.*

Bók þessi er „hugsuð almenningi til fróðleiks,“ eins og höfundur segir í aðfaraorðum og ritið ber það með sér. Það hefur að geyma greinagott ágríp af íslenskri útgáfusögu Biblíunnar, allt frá Guðbrandsbiblíu (1584) til nýjstu biblíuútgáfunnar, Biblíu 21. aldar, sem svo var nefnd við útkomu hennar árið 2007.

Tilfni útgáfunnar nú er 200 ára afmæli Hins íslenska biblíufélags og er óhætt að taka undir með Agnesi Sigurðardóttur biskupi, er hún fylgir ritinu úr hlaði, að hér sé um að ræða „þarft og gott framtak“ og fengur sé að því að geta kynnt sér útgáfusöguna í einni bók (s. 10). Aðdragandinn er býsna langur því að ritið byggir á kandiðatsritgerð höfundar frá árinu 1985, en miklu hefur verið bætt við síðan.

Það er rétt að tala um útgáfusögu fremur en þýðingasögu því að áherslan hvílir á útgáfum Biblíunnar hér á landi, fjölda eintaka, prentun og ýmsum ytri einkennum í ríkari mæli heldur en á einkennum þýðinganna sjálfra, þó að vissulega sé farið nokkrum orðum um þær einnig. En bókin hefur ekki að geyma neina frumrannsókn á íslenskum biblíuþýðingum enda þess tæpast að vænta af riti sem ekki er meira að vöxtum en þessi handhæga bók.

Þó að byrjað sé á Guðbrandsbiblíu er lauslega fjallað um það sem til var áður af biblíuþýðingum hér á landi, þ.e. vissa hluta Biblíunnar, og er þar einkum minnst á Hómilíu-bókina frá því um 1200 sem hefur að geyma nokkur hundruð biblíu-vísanir sem og hið merka rit Stjórn sem hefur að geyma Fyrstu Mósebók til loka Konungabóka, „ásamt ýmsu uppfyllingarefni, héðan og þaðan,“ eins og sr. Sigurður orðar það.

Um Guðbrandsbiblíu segir Sigurður að hún sé „einhver mesti skerfur til íslenskrar menningarsögu fyrr og síðar“ (s. 21) og skal tekið undir þau orð hér.

Síðan er fjallað um Biblíuútgáfunnar eina af annarri. Í sumum tilfellum var tæpast unnt að tala um nýja þýðingu, fremur mjög lauslega endurskoðun og í einu tilfelli a.m.k. nánast bara um nýja prentun. Er rétt að telja þýðingarnar hér upp með þeim hætti sem gert er í bókinni.

Þorláksbiblía (1644). Hér var um að ræða lauslega endurskoðun á Guðbrandsbiblíu, en sú nýjung var í Þorláksbiblíu að þar var í fyrsta sinn að finna tölumerkta versaskiptingu.

Steinsbiblía (1734) er gjarnan merkt með ártalinu 1728, en Sigurður sýnir fram á að prentun hennar hafi ekki lokið fyrr en 1734. Hún er kennd við Stein Jónsson Hólabiskup. Steinsbiblía hefur löngum hlotið heldur illt umtal, verið sögð mjög dönskuskotin og verið „eins og hlekkur á beinni leið frá Guðbrandsbiblíu og að Hendersonsbiblíunni“. En ýmsir hafa orðið til að halda uppi vörnum fyrir Steinsbiblíu, t.d. dr. Guðrún Kvaran, sem raunar er ekki nefnd í því sambandi í bókinni. En Jón G. Friðjónsson prófessor er nefndur í

hennar stað og eftir honum haft að ýmislegt úr málfari nútímamáls megi rekja beint til Steinsbiblíu.

Fjórdða biblíuútgáfan Vaisenhúsbiblía (1747) er jafnan kennd við prentstað sinn, munaðarleysingjahæli í Kaupmannahöfn, sem nokkru áður hafði fengið einkarétt á útgáfu Biblíunnar í Danmörku til að fjármagna reksturinn.

Hendersonsbiblía (1813) er kennd við þann mikla velgjörðarmann okkar Íslendinga, skoska trúboðann Ebenezer Henderson (1784-1858), og er réttilega sagt að þá hafi Biblían í raun í fyrsta sinn orðið almenningsseign á Íslandi. Í ferðabók sem Henderson skrifaði um dvöl sína hér á landi og dreifingu Biblíunnar út um land lýsir hann víða með áhrifamiklum hætti hvílík áhrif það hafði á fólk að fá loks Biblíu í hendur, sbr. „Tár hrundu af hvörmum þeirra, á meðan á lestrinum stóð (...). Ég get ekki lýst þeim fögnuði sem gagntók mig á þeirri stundu“ (s. 56).

Hið íslenska biblíufélag var stofnað 1815 og átti Henderson frumkvæði að því en fyrsti forsetinn var Geir biskup Vídalín (1761-1823). Hann lifði það ekki að sjá útkomu Viðeyjarbiblíu (1841), en átti sinn hlut í henni. Hafði þýtt samstofna guðspjöllin í Nýja testamentinu sem raunar kom út áður, í tveimur hlutum 1825 og 1827. Viðeyjarbiblía hefur löngum hlotið góða dóma, eins og Sigurður bendir líka á. Nefnir hann líka að Sveinbjörn Egilsson, sem þýddi býsna drjúgan hluta Gamla testamentisins, „hafi notað frummálið, hebreskuna, í vinnu sinni, að einhverju marki, alla vega“ (s. 61).

Reykjavíkurbiblían (1859) er í raun fyrst og fremst endurprentun á Viðeyjarbiblíu, en Sigurður segir hana ranglega merкта 6. útgáfu á titilblaði. Hún sé sjöunda útgáfan.

Lundúnaútgáfan (1866), var kostuð af Breska biblíufélaginu, en áður hafði Nýja testamentið komið út 1863. Var þessi Biblía sú fyrsta sem prentuð var með latínuletri. Um þessa útgáfu spunnust hatrammar deilur tveggja íslenskra fræðimanna sem báðir bjuggu í Englandi, Guðbrands Vigfússonar (1827-1889), sem fann henni allt til foráttu, og Eiríks Magnússonar bókavarðar í Cambridge og kennara í norrænum fræðum. Um gagnrýni Guðbrands hefur verið sagt „að hann hafi af einhverri undarlegri sjervizku tekið miklu ástfóstri við „Grútarbiblíuna“ svokölluðu.“ Eru þessar deilur þeirra Guðbrands og Eiríks til marks um að það er oft hlutskipti nýrra biblíuþýðinga að fá óblíðar móttökur.

Það fengu þeir Haraldur Níelsson (1868-1928) og félagar að reyna sem stóðu að biblíuþýðingunni 1908, sem var af andstæðingum kærð til Breska biblíufélagsins og nefnd „Heiðna biblían.“ Sættir tókust þó og voru óverulegar breytingar gerðar í útgáfu sem kom í hennar stað 1912. Í efnisyfirliti nefnir Sigurður aðeins útgáfurnar 1912 og 1914, en sú síðari var fyrst og fremst vasabrotsútgáfa af Biblíunni 1912, og má vel réttlæta þá framsetningu. En svo miklar umræður og deilur urðu um útgáfuna 1908 að fróðlegt hefði verið að sjá nánari umfjöllun um hana.

Biblían 1981, sem næst kom út, var hugsuð sem bráðabirgðaútgáfa og kvað mest af nýrri þýðingu guðspjallanna en aðrir hlutar voru lauslega endurskoðaðir. Aðalþýðandinn var Jón Sveinbjörnsson prófessor (f. 1928). Í Gamla testamentinu voru það fyrst og fremst Davíðssálmur þar sem nokkrar breytingar voru gerðar af dr. Þóri Kr. Þórðarsyni prófessor (1924-1995).

Loks er svo fjallað um Biblíu 21. aldar, sem unnin var í tilefni af kristnitökuaufmælinu árið 2000. Útgáfa hennar dróst til ársins 2007. Getur Sigurður um þýðendur og viss einkenni svo sem að þarna hafi í fyrsta sinn verið reynt að koma á „málfari beggja kynja“ með því að breyta fornafninu „þeir“ víða „í hvorugkyn, ef fulljóst var að um blandaðan hóp var að ræða“ (s. 87).

Talsverðar deilur urðu vegna þessarar nýju þýðingar en þær rekur bókarhöfundur ekki.

Í eftirmála rekur höfundur m.a. með dæmum hve drjúgur hlutur kirkjunnar sé fyrir varðveislu íslenskrar tungu og segir réttilega að þar sé gjarnan bent á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar (1540) og Biblíu Guðbrands (1584).

Eins og áður var getið er ekki ítarlega fjallað um einkenni þýðinganna í þessari bók. En þó eru alls staðar tekin dæmi af þýðingu Sálms 23 úr Gamla testamentinu og Jóh 3.16 úr Nýja testamentinu og eru þau dæmi vel valin. Í lokin er svo birt þýðing Odds Gottskálkssonar á óði Páls postula til kærleikans úr 1. Korintubrési 13.

Af smávægilegum hnökrum sem ég fann við yfirlestur þessa rits má nefna að ranglega er farið með fæðingar- og dánarár dr. Sigurðar Arnar Steingrímssonar, sem var aðalþýðandi Gamla testamentisins við vinnuna að útgáfu Biblíu 21. aldar. Hið rétta er 1932-2012. Sagt er að lagðar hafi verið af fallbeygingar á nafninu Jesús í Biblíunni 1981. Þar hefði verið nákvæmar að tala um hinar latnesku fallbeygingar. Um Viðeyjarbiblíu segir (s. 61) að hún hafi komið „rúmum 30 árum eftir útkomu Hendersonsbiblíunnar“. Hið rétta er að það liðu „tæplega“ 30 ár þar á milli, þ.e. 1813 og 1841. Helsti gallinn finnst mér raunar að ekki séu neðanmálgreinar þannig að þegar vísað er í eitthvert rit innan gæsallappa þá er ekki hægt að finna út til hvaða blaðsíðu er verið að vísa. Hins vegar er vönduð heimildaskrá í lok bókarinnar.

Og seint verður slíkum hnökrum útrýmt með öllu og almennt finnst mér bókin læsileg og það er tvímælalaust fengur að henni. Hún sætir ekki miklum tíðindum í fræðilegu tilliti og gerir heldur ekki tilkall til þess.

Hér birtist látlaust en læsilegt „ágrip rúmlega fjögurra alda sögu“ í smekklefum búningi. Það er gleðiefni að slíkt rit skulu birtast á 200 ára afmæli Hins íslenska biblíufélags og full ástæða til að þakka höfundi framtakið og óska honum til hamingju.